

Þriðjudaginn 22. janúar 1985.

Nr. 12/1983. **Önundur Björnsson**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Firði h/f

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Launagreiðslur vegna slyss. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 22. desember 1982. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 21.220,92 krónur með 37% ársvöxtum frá 1. september 1981 til 21. apríl 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann og, að viðurkennt verði, að hann eigi sjóveðrétt í b/v Erlingi, GK 6, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 átti skipverji, sem varð óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, meðan á ráðningartíma stóð, rétt til kaups svo lengi sem hann var óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um var að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, eða einn mánuð, ef skipverji gegndi annarri stöðu á skipi, og þó aldrei fleiri daga en hann hafði verið í þjónustu útgerðarmanns. Fólst í ákvæði þessu að skipverji átti rétt til launa vegna veikinda eða slysa allan hinn tiltekna tíma og það eins, þó að ráðningu hans væri slitið fyrir lok hans samkvæmt ákvæðum í skiprúmssamningi eða fyrir uppsögn. Var þetta og skýrum stöfum tekið fram í athugasemdum við nefnda 18. gr., er frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Átti ákvæðið því jöfnum höndum við þá skipverja, sem ráðnir voru

tímabundinni ráðingu, og þá, sem ráðnir voru ótímabundið.

Með 1. gr. laga nr. 49/1980 var umræddu ákvæði 18. greinar sjómannalaga breytt í nokkrum atriðum til að auka rétt skipverja frá því sem verið hafði. Segir nú í ákvæði þessu, að skipverji, sem veikist eða slasast, skuli „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd“, meðan hann er óvinnufær. Er sá réttur til launa þó takmarkaður við tvo mánuði. Af hinum tilvitnuðu orðum leiðir, að sjómenn á fiskiskipum, sem veikjast eða slasast, meðan á ráðningartíma stendur, skulu halda í tvo mánuði eigi aðeins kauptryggingu, heldur og þeim aflahlut, ef því er að skipta, sem þeim hefði borið, ef þeir hefðu áfram gegnt þeirri stöðu, sem þeir höfðu á skipinu. Skiptir þá ekki máli fremur en verið hafði þótt vist veiks eða slasaðs skipverja á skipi hafi átt að ljúka fyrir lok þessa tíma samkvæmt ákvæðum ráðningassamings eða fyrir uppsögn. Er í þessu sambandi sérstaklega fram að taka, að sú takmörkun, sem fólst í niðurlagi 3. mgr. 18. gr. laga nr. 67/1963, tekur nú aðeins til þeirra, sem óvinnufærir verða vegna veikinda, en ekki þeirra, sem fyrir slysum verða.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þá fjárhæð, sem hann krefur um í málinu, en um hana er enginn tölulegur ágreiningur eða um vaxtakröfuna. Þá verður stefndi og dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 22.000,00 krónur.

Samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 á áfrýjandi sjóveðrétt í b/v Erlingi, GK 5, til tryggingar fjárhæðum þessum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fjörður h/f, greiði áfrýjanda, Önundi Björnssyni, 21.220,92 krónur með 37% ársvöxtum frá 1. september 1981 til 21. apríl 1982, en með dómvöxtum (hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma) frá þeim degi til greiðsludags, og samtals 22.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi á sjóveðrétt í b/v Erlingi, GK 6, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 15. júlí 1982.

Mál þetta, sem var dómtekið 24. júní sl., var þingfest á aukadómþingi Gullbringusýslu 21. apríl 1982. Af hálfu stefnda var án undanfarandi stefnubirtingar mætt við þingfestinguna.

Stefnandi er Öundur Björnsson guðfræðingur, nnr. 9900-5793, Vesturgötu 27, Reykjavík.

Stefndi er Fjörður h/f, nnr. 2361-8834, Garði, Gullbringusýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 21.220,92 auk 37% ársvaxta frá 1.9. 1981 til 21.4. 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands svo og að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Erlingi, GK-6, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en málskostnaður verði felldur niður, tapi stefndi málinu.

Stefnandi var ráðinn sem háseti til einnar veiðiferðar á b/v Erling, GK-6, sem er skuttogari af minni gerð í eigu stefnda. Var stefnandi lögskráður hinn 23. júní 1981. Hinn 1. júlí s.á. varð stefnandi fyrir slysi við vinnu sína um borð í skipinu. Skipið kom til hafnar hinn 3 júlí, og var stefnandi þá afskráður. Stefnandi var óvinnufær til 18. ágúst, þ.e. í 46 daga. Telur hann sig eiga rétt til svonefndra staðgengilslauna þann tíma, en b/v Erlingur, GK-6, fór þá í fjórar veiðiferðir. Stefndi greiddi stefnanda kauptryggingu þennan tíma. Stefnukrafan er mismunur á hlut og kauptryggingu þann tíma, sem stefnandi var óvinnufær vegna slyssins, og er sundurliðuð þannig:

Hásetahlutur í veiðiferðum 4.7.-17.8.	kr. 28.985,56
Orlof	— 2.414,50
	kr. 31.400,06
+ greitt með uppgjöri stefnda 26.8. 1981	— 10.179,14
	kr. 21.220,92

Stefnandi styður kröfu sína til launa í slysaforföllum við 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67, 1963, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 49, 1980 og 28. gr. kjarasamnings milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á eftirfarandi:

1. Að stefnda beri engin skylda, m.a. með vísan til 3. mgr. 18. gr. sjó-

mannalaga, til að greiða stefnanda forfallakaup (slysakaup) þar sem hann hafi verið lausráðinn, þ.e. aðeins ráðinn til einnar veiðiferðar.

2. Að stefnandi hafi þegar fengið greitt það forfallakaup, sem hann hafi átt mestan rétt á að fá, þ.e. kauptryggingu, og geti þar af leiðandi ekki krafist frekari greiðslna.

Réttur skipverja til forfallakaups í tiltekinn tíma vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, styðst við 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67, 1963. Rétturinn sætir takmörkun vegna eftirfarandi ákvæðis í greinargerð um 10. gr. lagafrumvarpsins, sem breytti 18. gr. eldri sjómannalaga, nr. 41, 1930:“. . . Hér er lagt til, að í nýrri málsg. (sem verður 3. málsg.) komi sú almenna regla, að þegar fastráðinn skipverji forfallast vegna sjúkdóms eða meiðsla, eigi hann rétt til launa tiltekinn tíma. . .“. Með lögum nr. 49, 1980 var 18. gr. sjómanna-laga breytt í ýmsum atriðum. Af orðum laganna eða greinargerð með þeim verður þó ekki ráðið, að niður sé felld sú takmörkun á rétti til forfalla-kaups, staðgengilslauna, að hans njóti aðeins fastráðnir skipverjar. Niðurfelling takmörkunarinnar verður heldur ekki leidd af eftirfarandi athuga-semd við lagafrumvarpið: „Frumvarp þetta er flutt í samræmi við fyrirheit til sjómanna um aukin félagsleg réttindi. Meginmarkmið frumvarpsins er annars vegar að auka rétt sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatil-fellum til samræmis við aukin réttindi landverkafólks á þessu sviði, sbr. 4., 5. og 6. gr. laga nr. 19 frá 1979. Hins vegar að tryggja sjómönnum réttmætar kaupgreiðslur eftir að afskráning hefur farið fram en á þessu hefur orðið nokkur misbrestur.“

Í 28. gr. kjarasamnings milli Sjómannasambands Íslands og Landssam-bands íslenskra útvegsmanna er vísað til sjómannalaga um réttindi og skyldur í slysa- og veikindatilvikum skipverja.

Óumdeilt er í málinu, að stefnandi var lausráðinn í þjónustu stefnda, er hann slasaðist, þ.e. sem háseti b/v Erlings, GK-6, í einni veiðiferð.

Samkvæmt því, er að framan greinir, verða úrslit máls þessa þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðili beri kostnað sinn af rekstri máls-ins.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Hallur Stefánsson, settur sýslumaður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fjörður h/f, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Önundar Björnssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.